

Nd.

138. Breytingartillögur

[76. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá Sigurvin Einarssyni og Birni Pálssyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Við fyrri málsgr. 15. gr. laganna bætist:
Skal þar m. a. greint frá viðhaldskostnaði á hinum einstöku hraðbrautum, landsbrautum og þjóðbrautaköflum, samkv. nánari ákvörðun vegamálastjóra.
2. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
 - a. Við 88. gr. laganna bætist:
Jeppabifreiðar, sem nota benzín, eiga einnig rétt á endurgreiðslu á benzín-skatti. Þó skal endurgreiðsla til þeirra ekki nema meira en $\frac{3}{4}$ hlutum þeirrar upphæðar, sem endurgreidd er jeppabifreiðum, er nota annað eldsneyti.
 - b. Við 89. gr. laganna bætist:
Skal það að minnsta kosti nema helmingi viðhaldskostnaðar á þjóðvegum.